

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag við Hulduhól á Eyrarbakka.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum samþykkti bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar þann 20. janúar 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð við Hulduhól á Eyrarbakka í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv.1:1000 þann 25. nóvember 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá og með 23. janúar til og með 20. febrúar 2006. Frestur til að skila athugasemdum var til og með 6. mars 2006.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 25. apríl 2006.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.